# Viðhorf, afstaða, ákvarðanir: Siðfræði í umhverfismati

Umverfismatsdagurinn – 7. júní 2018

Henry Alexander Henrysson (hah@hi.is)

HÁSKÓLI ÍSLANDS
SAGNFRÆÐI- OG HEIMSPEKIDEILD

# Munaður?

- Er siðfræði alltaf viðbót?
- Eitthvað sem stöndugt samfélag getur leyft sér?
- Einhvers konar samfélagslegur munaður?



# Hið þverfaglega

- Í raun er siðfræði sameiginlegur þráður allrar þverfaglegrar nálgunar
- Sögulegar ástæður fyrir því en einnig fræðilegar
  - Ástæða fyrir því að við þurfum mörg sjónarhorn og þurfum að leyfa ólíkum röddum að heyrast
- Fá málefni sem kalla eins mikið á þverfaglega vinnu og umhverfismál

# Siðfræði

- Siðfræði er ekki siðaboðskapur
- Siðferðið sem inniheldur margs konar ólík boð og bönn
- Siðfræði er *rökræða* um siðferðið



# Mannhelgi

- Upphafsreiturinn er einfaldur:
  - Virðing fyrir manneskjunni
  - Siðferðilegur jöfnuður
- Mikilvægt að þekkja en einnig andstæðuna:
  - Tæknihyggja
  - Siðferðilegt tómlæti

# Meginreglur

- Tryggja sjálfræði
- Tryggja velferð
- Gæta sín að valda ekki skaða
  - Á einstaklingum / samfélagi
  - Á náttúrunni
- Tryggja jafnræði – sýna til dæmis af sér óhlutdrægni



# Siðferðisvandi

- Siðferðileg verðmæti
  - Það sem við þurfum til að dafna sem einstaklingar (siðferðisverur)
- Vilhjálmur Árnason, *Siðfræðikver*:
  - „Siðferðisvandi felst í því að við getum ekki virt öll siðferðileg verðmæti í senn“



# Klípur

- Það sem við stöndum oft frammi fyrir sem siðferðisverur kallast **klípa** (e. *dilemma*)
- Val milli kosta þegar okkur hugnast hvorugur
- Það sem mestu skiptir þegar lagt er mat á hvað séu siðferðilega rétt viðbrögð við klípu er hvernig ákvörðun er tekin, hvernig athöfnin er framkvæmd og hvaða eftirmála hún hefur – eða *kann að hafa*

# Ágreiningur




- Ekki hlutverk siðfræðinnar að koma í veg fyrir ágreining eða fordæma að hann sé til staðar
- Hjálpar okkur að standa í rökræðum til að jafna siðferðilegan ágreining
- Krefst vilja og hæfni

# Siðað samfélag

- Einkenni á siðuðu samfélagi
  - Málamiðlanir
  - Samvinna
    - Hjálpar ákaflega lítið að standa ávallt fast á rétti sínum…



# Meginskylda

- Megin*skylda* við faglega ákvarðanatöku
  - Skiptist í nokkra þætti eins og að gera sér grein fyrir áhrifaþáttum á skoðanamyndun, leggja heiðarlegt mat á eigin hæfni, gæta að því að upplýsa um öll möguleg hagsmunatengsl og skoða öll sjónarhorn
  - Gera sér grein fyrir og gæta að meginreglum

# Að axla ábyrgð

- Skyldur og ábyrgð nátengdir „innviðir“ siðferðisins
- Ekki hægt að segja sig frá ábyrgð sem fylgir hlutverki
- Getur þýtt að fagmaður verður að segja sig frá verkefni
  - Ekki ásættanlegt að þurfa að ganga gegn meginskyldu

# Tvö andlit

- Siðfræðin hefur tvö andlit:
  - Stundum er hún upptekin af mögulegum skaða, þvingunum og hagsmunaárekstrum
  - Horfir einnig til framtíðar – vonir og væntingar



# Viðhorf

- Hvernig veröld viljum við búa í?
- Gætum við sætt okkur við að ákvörðun okkar yrði að meginreglu fyrir alla?
- Hver eru mikilvægustu verðmætin?



# Ákvarðanir

- Hinn siðferðilegi prófsteinn meðal annars hvort skapaður hafi verið vettvangur fyrir samráð
- Má ekki vera skraut eða of opinn
- Gæta að ekki skapist „hliðar vettvangur“ þar sem raunverulegar ákvarðanir eru teknar



# Umhverfið og vafinn

- Þurfum ekki að velja milli náttúru og manns, þ.e. *taka afstöðu með*
- Þurfum að temja okkur það viðhorf að togstreita milli siðferðilegra verðmæta sé eðlileg
- Hluti málamiðlana og samvinnu er að láta aðra hliðina *njóta vafans*